

MATARHLÉ



Matgæðingur þessa tölublaðs er Svala Einarsdóttir í Oddeyrarskóla. Rut Viktorsdóttir á leikskólanum Tröllaborgum skoraði á hana að koma með góða uppskrift og Svala býður okkur upp á svokallaða „hakksúpu“ sem mun hafa verið mjög vinsæl á heimili hennar um nokkurt skeið. Svala skorar á Sigríði Jónsdóttur hjá heimahjúkrun Akureyrarbæjar að koma með næstu uppskrift.

HAKKSÚPA

HRÁEFNI:

1 dós nýrnabaunir eða chillibaunir
1 dós tómatrippa
1 dós niðursoðnir tómatar - saxaðir
1-2 paprikur
1-2 rauðlaukar
2 teningar kjúklingakraftur
1/2 l rjómi
200 gr rjómaostur
8 dl vatn
2-3 dl sæt chillisósa
500-600 gr hakk
Salt og pipar

AÐFERÐ:

Steikið fyrst hakkið, laukinn og paprikuna. Setjið síðan allt hitt saman við og látið súpuna malla í 40-60 mínútur. Hún verður betri eftir því sem hún fær að malla lengur. Gætið ykkar aðeins á chillisósunni. Ég nota alltaf 3 dl en þá verður hún í sterkari kantinum. Gott er að bera fram doritos-flögur, ost og sýrðan rjóma með súpunni. Verði ykkur að góðu!

GOTT AÐ VITA

Sumarstarfsfólk – skil á gögnum

Nú hefur sumarstarfsfólk hafið störf hjá Akureyrarbæ og þarf það í samráði við yfirmann sinn að skila ýmsum gögnum og upplýsingum til starfsmannaþjónustunnar.

- Skila þarf skattkorti eigi síðar en 7 dögum fyrir útborgun.
- Skila þarf prófskírteinum vegna fagnáms.
- Skila þarf staðfestingum um viðbótarnám sem metið er skv. kjarasamningi starfsmanns, þ.m.t. skírteini vegna stúdentsprófs.
- Skila þarf starfsvottorðum vegna símenntunarálags, staðfestingu fyrri vinnuveitanda á starfstíma í fagi eða staðfestingu á starfstíma hjá öðrum sveitarfélögum, ríki og á almennum markaði eftir því sem við á.

Ef starfsmenn hyggjast greiða í séreignarsjóð þarf að skila samningi um það hvort sem viðkomandi hefur verið í starfi hjá Akureyrarbæ áður eða ekki.

Nánari upplýsingar er að finna í starfsmannahandbókinni: www.akureyri.is/starfsmannahandbok undir liðnum: „Í nýju starfi og skil á gögnum.“

Rafrænar launaseðlar á starfsmannavefnum

Minnt er á að launaseðlar eru alltaf aðgengilegir á starfsmannavefnum. Slóðin er eg.akureyri.is. Á starfsmannavefnum getur starfsfólk skoðað:

- Rafræna launaseðla.
- Stöðu orlofs.
- Stöðu veikindadaga.
- Reikninga frá Akureyrarbæ, s.s. fyrir fasteignagjöldum, leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla.

Einnig getur starfsfólk skráð og breytt eigin upplýsingum. Sækja þarf um lykilorð á vefnum eg.akureyri.is. Starfsfólk getur valið um að fá lykilorðið sent í heimabanka eða að sækja það til starfsmannaþjónustu Akureyrarbæjar í Ráðhúsinu, Geislagötu 9, 1. hæð.

Innanbæjar KRÓNÍKA

4. tbl. 6. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR júlí 2011



Í Lystigarðinum 17. júní 2011.

KAFFIHÚS Í LYSTIGARÐINUM

Árið 2012 fagna Akureyringar 150 ára afmæli kaupstaðarins og um leið 100 ára afmæli Lystigarðs Akureyrar. Lystigarðurinn nýtur mikilla vinsælda á meðal heimamanna og einnig þeirra ferðamanna sem heimsækja bæinn en áætlað er að þangað komi að lágmarki um 100.000 manns á ári hverju. Í tilefni af afmæli Lystigarðsins var ákveðið að Akureyrarbær leitaði eftir aðilum til að annast rekstur á kaffihúsi og minjagripasölu í garðinum, en mörgum hefur um langan aldur þótt sem slíkt vanti tilfinnanlega í garðinn.

Haldinn var kynningarfundur um verkefnið í apríl sl. og mættu um 20 áhugasamir aðilar á fundinn. Þeir sem þess óskuðu fengu send útboðsgögn og skipuð var dómnefnd til að fjalla um innsendar tillögur. Alls bárust fjórar tillögur og þótti sú sem hæsta einkunn hlaut vera afar vel og fagmannlega útfærð. Verður spennandi að sjá sumarið 2012 þegar kaffihús rís loksins í Lystigarðinum á Akureyri.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Dórothea Jónsdóttir, Fríðný Sigurðardóttir, Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson

Netfang: kronikan@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Still - Prentun: Ásprént



GAMLA MYNDIN



Hvaða stúlka er þetta sem fagnar því að hafa eignast skiði og skiðastafi á jólum endur fyrir löngu? Glöggir lesendur ættu að geta borið kennsl á hana og eru beðnir að senda okkur svarið á netfangið kronikan@akureyri.is. Dregið verður úr réttum svörum og fær einn heppinn lesandi 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.



Síðast birtum við mynd af kankvísri stúlku og fengum þónokkuð margar ágískanir um það hver hún væri. Rétt er að þarna var á ferðinni Heiðrún Björgvinsdóttir, rekstrarstjóri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar. Nafn Stefaníu Daggar Vilmundardóttur var dregið úr innsendum svörum og fær hún 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

VELKOMIN TIL SUMARSTARFA

Á hverju vori fjölga starfsfólki Akureyrarbæjar um 1.000 manns vegna sumarflæysinga og vinnuskólans. Til gamans má geta að umsækjendur um pláss í vinnuskólanum fyrir 14-16 ára voru 574. Akureyrarbær og Vinnumálastofnun stóðu að sérstöku atvinnuátaki ásamt hinu árlega atvinnuátaki á vegum bæjarins. Þar var horft til aldurshópsins 17-25 ára. Alls bárust 958 umsóknir í atvinnuátakið þetta árið. Umsóknir um sumarstörf voru 1.958 en tekið skal fram að í mörgum tilvikum sóttu umsækjendur um fleiri en eitt starf svo fjöldi umsækjenda er minni.



Við bjóðum allt sumarfélagið okkar velkomið til starfa.

150 ÁRA AFMÆLI AKUREYRAR 2012



Akureyri fékk kaupstaðarréttindi 29. ágúst 1862 og fagnar því 150 ára afmæli árið 2012. Árið verður hátíðarár og hugmyndin er að sem flestir leggi sitt af mörkum til að viðburðir og verkefni verði fjölbreytt, skemmtileg og hátíðleg. Bæjarráð Akureyrar hefur skipað afmælisnefnd til að undirbúa hátíðarhöldin og óskar nefndin liðsinnis starfsfólks Akureyrarbæjar og bæjarbúa allra, barna og fullorðinna, félaga og klúbba, stofnana og fyrirtækja.

Þegar hafa margar hugmyndir komið fram og sum verkefni er þegar byrjað að undirbúa. Eitthvað verður um að vera alla mánuði ársins en afmælisdaginn sjálfan ber upp á miðvikudag. Hugmyndin er að hefja dagskrá afmælisvinnunnar helgina á undan og að hápunkturinn verði helgina á eftir með Akureyrarafmælisvöku laugardaginn 1. september.

Formaður afmælisnefndar er Tryggvi Gunnarsson bæjarfulltrúi. Auk hans eru í nefndinni Helena Þ. Karlsdóttir og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir fyrrverandi bæjarfulltrúar. Starfsfólk nefndarinnar eru: Sigríður Stefánsdóttir, sem verður framkvæmdastjóri afmælisársins og aðal tengiliður, Hulda Sif Hermannsdóttir, verkefnastjóri á Akureyrarstofu og Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

Opnuð hefur verið sérstök vefgátt á heimasíðu Akureyrar þar sem koma má hugmyndum og ábendingum á framfæri: <http://www.akureyri.is/150-ara>

Horfum til framtíðar, rifjum upp söguna og ræktum samstöðu!

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Hjálmar Árnason starfar hjá húsnæðisdeild Akureyrarbæjar. Hann fæddist í Reykjavík 15. febrúar 1967 og er elstur þriggja bræðra. Hjálmar bjó í sveit til fjögurra ára aldurs en flutti þá til Þorlákshafnar. Þar ólst hann upp við almenna verkamannavinnu og vann aðallega í saltfiskverkun. Hjálmar gekk í grunnskóla Þorlákshafnar og síðan í FSU og lauk stúdentsprófi þaðan 1987. Árið 1990 fluttist hann til Reykjavíkur og vann þar ýmis störf í verslunargeiranum.

Hjálmar hóf störf hjá Akureyrarbæ árið 2003 en hafði flust til bæjarins árið áður. Fyrst starfaði Hjálmar sem skjalavörður en fluttist um set á húsnæðisdeild Akureyrarbæjar í júlí 2003 og hefur verið þar síðan. Áhugamál Hjálmars eru fjölskyldan, íþróttir, og útivist. Hann er kvæntur Sigrúnu Ingibjörgu Jóhannsdóttur og saman eiga þau 3 börn.

Í hverju skyldi starfið helst vera fólgið?

„Ég sé um húsaleigubætur, tek á móti umsóknum, skrái þær og reikna út bótarétt. Einnig felst starfið í upplýsingagjöf um ýmis mál er tengjast húsaleigu, sérstökum húsaleigubótum og leiguíbúðum Akureyrarbæjar.“

Hvað er skemmtilegast og hvað leiðinlegast við starfið?

„Það sem er skemmtilegt við starfið er hvað það er fjölbreytt og að hitta allt fólkið sem á erindi til okkar. Það er í raun ekkert leiðinlegt við starfið, það er hægt að gera allt skemmtilegt. Ef vinnan er orðin leiðinleg á fólk að finna sér eitthvað annað að gera! Brostu, fólk sem er ánæggt í starfi nær árangri. Þetta er einn besti vinnustaður sem ég hef unnið á, góðir vinnufélagar og starfsandinn góður.“

Hver er helsti kostur við að búa á Akureyri?

„Við höfum sömu þjónustu hér og í Reykjavík án allra galla sem höfuðborginni fylgja. Það er stutt í alla þjónustu, sama hvað það er. Og svo eru náttúruperlur allt um kring.“